

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
bt. Kormáks Axelssonar skjalaritara  
Skrifstofu Alþingis - nefndasviði  
Austurstæti 8-10  
101 Reykjavík  
[nefundasvid@althingi.is](mailto:nefundasvid@althingi.is)

Dags. 27.11.2020  
Tilv. 5618-0-0005  
Mál 2020-0055  
0.5.2

Með erindi dags. 17. nóvember sl. óskaði umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis eftir umsögn Veðurstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um flóðavarnir á landi – 147. mál.

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Veðurstofan fagnar þingsályktunartillögunni og þeirri ábendingu að starfshópurinn nýti það áhættumat sem stofnunin vinnur að og liggur fyrir.

Veðurstofan vekur athygli á að rétt er að afmarka vinnu starfshópsins við flóðavarnir sem snúa að vörnum gegn landbroti og samgöngumannvirkjum. Skýra þarf umfang verkefnis starfshópsins með tilliti til þess. Einnig er rétt að greinargerð með tillögunni taki mið að því umfangi.

Rétt er að undirstrika að ef tillagan á að ná til verkefna þar sem tekið er tillit til áhættu fólks og annarra mikilvægra innviða og snúa ekki einungis að landbroti og samgöngukerfi, kallar það á mun umfangsmeiri vinnu starfshópsins. Slík vinna þarf að byggja á áhættumati og góðri samvinnu hagaðila og sveitarstjórna. Veðurstofan vinnur nú að áhættumati vegna vatnsflóða og jökulhlaupa. Um er að ræða mjög viðamikil verkefni sem mun taka mörg ár að framkvæma. Veðurstofan mun láta starfshópnum í té allar þær upplýsingar sem liggja fyrir, en einungis er um að ræða lítið brot af þeim svæðum sem nefnd eru í greinargerð. Í tengslum við þessa vinnu skipaði umhverfis- og auðlindaráðuneytið starfshóp til að fjalla um áhættuviðmið vegna vatnsflóða. Þessi vinna er enn í gangi. Rétt er að vekja athygli á því að skilgreining áhættuviðmiða þarf að liggja fyrir, en það hefur áhrif á forvarnir sem geta falist í mismunandi lausnum eins og blá-grænum-gráum lausnum, en ekki einvörðungu á forvörnum í formi flóðavarnargarða.

Í þingsályktunartillögunni segir í 4. tölulið: „*Leggi fram tillögu að áætlun um aðgerðir, jafnt til viðhalds sem nýframkvæmda, þar sem kostnaðarmat hvers verkefnis kemur fram.*“ Varðandi viðhald og þá sérstaklega nýframkvæmdir er rétt að vekja athygli á því að blá-grænar-gráar lausnir séu hafðar í huga.

Virðingarfyllst,



Árni Snorrason  
forstjóri VÍ